



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

OPINBER HEIMSÓKN FORSETA INDLANDS

SAMVINNA Á SVIÐI VÍSINDA, ORKU OG LYFJAFRAMLEIÐSLU

Forseti Indlands Dr. Abdul Kalam verður í opinberri heimsókn á Íslandi dagana 30. og 31. maí. Það er í fyrsta sinn sem forseti Indlands kemur í slíka heimsókn. Indland er fjölmennasta lýðræðisríki í veröldinni og að áliti sérfræðinga á góðri leið með að verða á næsta áratug eitt af þremur öflugustu hagkerfum veraldar.

Það er ták nýrra tíma og fagnaðarefni að fáeinum dögum eftir að forseti Íslands kemur úr opinberri heimsókn til Kína skuli forseti Indlands sækja okkur heim, en þessi ríki telja samtals ríflega tvo milljarða íbúa, röskan þriðjung jarðarbúa. Þessar heimsóknir báðar endurspeglar í senn breytta heimsmynd og tækifæri Íslendinga til sóknar í samvinnu við þessi öflugri ríki í Asíu, einkum samstarf á sviði atvinnulífs og vísinda.

Við undirbúning heimsóknar forseta Indlands hefur megináhersla verið á það lögð, hvernig vísindi og tækni geta orðið burðarstoðir í sameiginlegri sókn Íslendinga og Indverja á heimsmarkað með framleiðsluvörur sem byggja einkum á hugviti, menntun og rannsóknunum.

Í dagskrá heimsóknarinnar verður sjónum einkum beint að þremur sviðum:

- Í fyrsta lagi hvernig Indverjar geta tileinkað sér þann árangur sem Íslendingar hafa náð við að byggja upp viðvörunarkerfi um aðsteðjandi jarðskjálfta og aðra náttúruvá. Forseti Indlands óskaði sérstaklega eftir því að kynnast framlagi íslenskra vísindamanna og stofnana á þessu sviði.
- Í öðru lagi samvinnu Íslendinga og Indverja á sviði lyfjaþróunar og lyfjaframleiðslu með það að markmiði að byggja upp öflugan lyfjaiðnað sem næði sterkri markaðsstöðu í Evrópu og Bandaríkjunum. Að þessu tilefni koma fjölmargir stjórnendur indverskra lyfjafyrirtækja ásamt vísindamönnum til landsins og taka þátt í ráðstefnu mánudaginn 30. maí, en hana skipuleggur hið nýja Íslensk-indverska verslunarráð.
- Í þriðja lagi nýting jarðhita til orkuframleiðslu og lærdómar sem Indverjar geta dregið af vetnisverkefninu sem íslensk fyrirtæki hafa leitt. Síðdegis þriðjudaginn 31. maí verður efnt til málþings sem Orkuveita Reykjavíkur og NýOrka hafa undirbúið.

Forseti Indlands Dr. Abdul Kalam kemur til Íslands síðdegis sunnudaginn 29. maí. Hann mun að eigin frumkvæði efna til viðræðna á sunnudagskvöld við hóp íslenskra vísinda- og fræðimanna. Þá mun hann einnig hitta stjórnarmenn í Íslensk-indverska verslunarráðinu.

Hin opinbera heimsókn hefst síðan með hátíðlegri móttökuathöfn á Bessastöðum að morgni mánudagsins 30. maí. Að loknum viðræðufundi forsetanna munu þeir ræða við blaðamenn. Í hádeginu munu forsetarnir taka þátt í viðskiptaráðstefnu þar sem sérstök áhersla verður lögð á samvinnu á sviði lyfjaiðnaðar og forseti Indlands mun leggja hornstein að nýrri byggingu lyfjafyrirtækisins Actavis.

Síðdegis á mánudag verður sérstök dagskrá á vegum Veðurstofunnar í Öskju, húsi Háskóla Íslands, um viðvörunarkerfi vegna jarðskjálfta og annarra náttúruhamfara. Þá mun forseti Indlands einnig heimsækja Norrænu eldfjallastöðina og Stjórnstöð almannavarna. Um kvöldið bjóða íslensku forsetahjónin til hátíðarkvöldverðar sem haldinn verður í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu.

Þriðjudaginn 31. maí mun forseti Indlands eiga viðræður við Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra og snæða hádegisverð í boði hans á Þingvöllum. Hann mun jafnframt koma að Nesjavöllum og kynna starfseminni þar. Síðdegis verður málþingið um nýtingu jarðvarma og um vetnisverkefnið.

Opinberri heimsókn forseta Indlands lýkur með indverskri menningardagskrá í Salnum í Kópavogi og móttöku sem forsetinn býður til í Gerðarsafni.

Í fylgd með forseta Indlands er fjölmenn sendinefnd. Í henni eru m.a. ráðherra, þingmenn, vísindamenn og háttsettir embættismenn. Þá koma einnig til landsins fjölmargir aðrir gestir frá Indlandi og Bandaríkjunum í tilefni af heimsókninni, ekki síst áhrifamenn í viðskiptalífi.

27. maí 2005

Ítarleg dagskrá heimsóknarinnar verður send fjölmiðlum um helgina. Allar nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Stefán L. Stefánsson forsetaritari og Örnólfur Thorsson skrifstofustjóri (896 3028).